
7. stjórnarfundur Leiknar haldinn í húsnæði Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, Grensásvegi 16 a, þriðjudaginn 10. maí kl. 15:00.

Mætt: Birna Gunnlaugsdóttir, Guðjónína Sæmundsdóttir, Hulda Ólafsdóttir, Ingibjörg E. Guðmundsdóttir, Smári Haraldsson, formaður og Emil Björnsson var á fjarenda á Egilsstöðum.

Efni:

1. Niðurstaða fundar með menntamálaráðherra.
2. Umsókn fræðsludeildar Vinnueftirlits ríkisins um aðild að Leikn.
3. Aðalfundur Leiknar.
4. Þjónustusamningur við Mennt.
5. Fundur framkvæmdastjóra fullorðinsfræðslusamtaka Norðurlandanna.
6. Önnur mál.

1. Fundur með menntamálaráðherra.

Á síðasta stjórnarfundum var ákveðið að Guðjónína, Hulda og Smári færu á fundinn, en Smári forfallaðist á síðustu stundu. Við upphaf fundar reyndist menntamálaráðherra upptekinn og tók Stefán Stefánsson, deildarstjóri símenntunar á móti fulltrúum Leiknar. Rætt var um forsendur málsins við hann. Þorgerður Katrín Gunnardóttir, menntamálaráðherra reyndist síðan afar jákvæð í garð Leiknar og þeirrar starfsemi sem fyrirhuguð er hjá samtökunum. Hún taldi allar líkur á að ráðuneytið myndi styrkja Leikn um 400.000 kr. til ýmissa verkefna, en fulltrúar Leiknar kváðu kynningarstarf og heimasíðugerðar vera hvað brýnust meðal fyrstu verkefna. Jafnframt var nefnt að óskir talsmanna Leiknar um fjárstyrk hefðu aukist á rúmlega einu ári úr 300.000 krónum í eina milljón króna. Mismunurinn var skýrður með því að ekki hefði fengist sá styrkur úr starfsmenntasjóði félagsmálaráðuneytisins sem vonaðst hafði verið til.

2. Umsókn fræðsludeildar Vinnueftirlits ríkisins um aðild að samtökunum.

Fræðsludeild Vinnueftirlitsins er ekki sjálfstæður fræðsluaðili né heldur frjáls félagasamtök s.s. kveðið er á um í 5. gr. samþykktar samtakanna. Megin verkefni Vinnueftirlitsins er "...samþætting eftirlits, fræðslu og rannsókna" á sviði vinnuverndar. Því er spurning hvort megin verkefni stofnunarinnar falla að 5. greininni. Þrátt fyrir afar jákvæða umfjöllun stjórnar um ofangreinda umsókn sá stjórn sá sér ekki fært að veita fræðsludeild Vinnueftirlitsins inngöngu að svo stödd máli. Stjórn hefur engu að síður fullan hug á að endurskoða 5. grein samþykktarinnar þegar fram líða stundir. Huldu var falið að ræða við aðila í fræðsludeils Vinnueftirlitsins um lyktir mála.

3. Aðalfundur Leiknar, 11. maí

Aðalfundur Leiknar verður haldinn að Hallveigarstíg 1. Formaður hefur fund og fundurinn kys sér fundarstjóra og hann einhvern úr stjórn ritara. Fundargögn hafa verið send út. Stjórn mun óska eftir breytingu á dagskrá fundarins um að kjör stjórnar bætist við, þar sem vantar einn varamenn í stjórn.

4. Þjónustusamningur við Mennt.

Drög hans voru lögð fram og samþykkt með minniháttar breytingum (fylgiskjal 1).
Formanni var falið að ræða við framkvæmdastjóra Menntar um frekari þjónustu við Leikn.

5. Fundur framkvæmdastjóra fullorðinsfræðslusamtaka Norðurlandanna.

Áður hafði verið ákveðið að halda skildi frmkvæmdastjórafundurinn í tengslum við
NVL fund á Íslandi, en hann verður fimmtudag og föstudag 24. og 25. ágúst. Aðalbjörgu,
framkvæmdastjóra Menntar verður falið að undirbúa hann.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:00

Birna Gunnlaugsdóttir ritaði fundargerð.